

Sjóvá vinnur eftir stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð sem meðal annars lýsir stefnu í umhverfismálum, félagsþáttum og stjórnarháttum. Í samræmi við stefnuna eru settar fram siðareglur birgja Sjóvá sem ætlað er að stuðla að og tryggja að kröfur um góða viðskiptahætti og siðferði séu uppfylltar hjá birgjum og í allri virðiskeðjunni.

Sjóvá gerir kröfu um að birgjar uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama.

## Mannréttindi

- Birgir hefur í heiðri grundvallar mannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum og brýtur ekki á þeim.
- Birgir tryggir að starfsfólk vinni störf sín af frjálsum vilja án nauðungar, og líður ekki barnavinnu og misrétti.
- Birgir tryggir jöfn tækifæri starfsfólks og að hvers kyns ofbeldi, áreitni eða mismunun sé ekki liðin.

## Vinumarkaður

- Birgir styður við félagafrelsi og viðurkennir rétt til kjarasamninga.
- Birgir tryggir öryggi starfsfólks síns og stuðlar að heilsusamlegu starfsumhverfi og velferð starfsfólks.

## Umhverfismál

- Birgir leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins.
- Birgir leitast við að draga úr umhverfisáhrifum í eigin starfsemi með aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.

## Viðskiptahættir

- Birgir fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda og stundar heilbrigða viðskiptahætti.
- Birgir vinnur gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum.
- Birgir forðast hagsmunaárekstra og ástundar ábyrga og gagnsæja viðskiptahætti.

Sjóvá óskar eftir undirritun birgja á því að þeir starfi í samræmi við siðareglurnar.

Nafn ábyrgðamanns fyrirtækis

Nafn fyrirtækis

Kennitala fyrirtækis